

G J A L D S K R Á

fyrir Keflavíkurflugvöll.

114

5. ágúst

1. Lendingargjöld:

Fyrir hverja landingu skal greiða lendingargjald kr. 27.67 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 13.83 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 46.11.

2. Flugskýlisleiga:

Tegund flugvélar:	Leiga á sólarhring:
Flugvélar með einum hreyfli	kr. 215.00
Flugvélar með tveimur hreyflum	— 430.00
Flugvélar með þremur hreyflum og fleiri	— 860.00

3. Stæðis- og festargjöld:

Stæðisgjald er ekkert fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vænghaf flugvélar:	Leiga á sólarhring:
Undir 12 m	kr. 46.11
12—18 —	— 92.22
18—24 —	— 138.33
24—30 —	— 184.44
Yfir 30 —	— 206.17

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöld um 50% fyrir þann tíma, sem umfram er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvéla-stæðum.

4. Gjald af flugvélabenzíni:

Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvöllinum eða frá honum skal greiða flugvöllinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.415
Á hvert U.S. gallon	— 1.567

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 23. febrúar 1960.

Utanríkisráðuneytið, 5. ágúst 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Hörður Helgason.